

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Dalvíkurbyggðar, nr. 408/2022.

1. gr.

Við formála í viðauka við samþykktina bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Viðauki 1.3. Skipulagsráð.

2. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, viðauki 1.3, um fullnaðarafgreiðslu skipulagsráðs, sem birtur er með samþykkt þessari.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 6. desember 2024.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*

## VIÐAUKI 1.3

**Skipulagsráð.**

## 1. gr.

Skipulagsráð Dalvíkurbyggðar afgreiðir án staðfestingar sveitarstjórnar mál, sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir skipulagslög nr. 123/2010, sbr. heimild í 55. gr. samþykktar þessarar og 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Jafnframt fjallar skipulagsráð um umsóknir um byggingarlóðir og staðfestir úthlutun lóða sem auglýstar eru lausar til umsóknar samkvæmt gildandi deiliskipulagi og í samræmi við reglur um úthlutun lóða í Dalvíkurbyggð.

## 2. gr.

Skipulagsráð afgreiðir, án staðfestingar sveitarstjórnar, eftirtalin mál sem eru á verkefnasviði skipulagsmála:

1. Ákvörðun um hvort gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breyting á deiliskipulagi til samræmis við innkomin erindi með vísan til 38. gr. skipulagslaga.
2. Ákvörðun um og samþykkt óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
3. Ákvörðun um hvort við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óverulegt frávik er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
4. Ákvörðun skv. 44. gr. skipulagslaga um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi en framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur eða þéttleika byggðar.
5. Ákvörðun um heiti á götum, vegum, torgum og hverfum skv. 47. gr. skipulagslaga.
6. Ákvarðanir skv. 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða.
7. Ákvörðun um að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða er fallið úr gildi, sbr. 53. gr. skipulagslaga.
8. Ákvörðun um að beita dagsektum í samræmi við 54. gr. skipulagslaga.
9. Ákvörðun um samþykkt og útgáfu framkvæmdaleyfa skv. 13. gr. skipulagslaga.

## 3. gr.

Þriðjungur skipulagsráðs getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn taki ákvörðun í máli, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## 4. gr.

Eftir að skipulagsráð hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til byggðarráðs. Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í viðauka þessum og að öðru leyti gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga.